

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabíla á árinu 2009 vera sem hér segir:
 1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabíli, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.
 2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabíli, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.
 3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabíli, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabíla á árinu 2009 vera sem hér segir:
 1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabíli, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.
 2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabíli, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabíls.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 15. mars 2009.